

Rauðukambar ehf
Norðurljósavegi 9
241 Grindavík

10. febrúar 2025
202501-0075/P.V.B.
10.03.01

Efni: undanþága frá friðlýsingarskilmálum - Reykholt í Þjórsárdal

Náttúruverndarstofnun hefur mótttekið umsókn Rauðukambar ehf, dagsett 14. janúar 2025, um undanþágu frá friðlýsingarskilmálum landslagsverndarsvæðisins í Þjórsárdal.

Landslagsverndarsvæði Þjórsárdal er friðlýst sbr. [auglýsingu nr 110/2020](#).

Til að tryggja vernd jarðminja er óheimilt að hrófla við, raska, eða skemma jarðminjar á friðlýsta svæðinu. Ekki skal vinna á móti náttúrulegri framvindu gróðurs á friðlýsta svæðinu nema í því skyni að standa vörð um verndargildi gervígiga í samræmi við ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar. Óheimilt er að spilla gróðri, öðrum en framandi tegundum, eða trufla dýralíf af ásetningi innan friðlýsta svæðisins. Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi getur Náttúruverndarstofnun veitt leyfi fyrir framkvæmdum og/eða starfsemi skv. 13. gr. og 14. gr. friðlýsingar.

Í 5. mgr. 13. gr. friðlýsingar kemur fram að á svæði þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu mannvirkja í tengslum við ferðaþjónustu er fyrirhuguð uppbygging. Svæðin eru 24 ha. og 8 ha. og eru í samræmi við deiliskipulag frá 2019. Í 3. mgr. 13. gr. kemur fram að innviðauppbýggings svæðisins skuli fara eftir skipulagi þess. Hér er um undanþágu frá friðlýsingarskilmálum að ræða sbr. 41. gr. laga nr. 60/2013 þar sem ekki var fjallað um borholuna í deiliskipulagi frá 2019.

Mannvirki og innviðir sem reist eru í samræmi við 13. gr. skulu hönnuð með þeim hætti að þau falli sem best að umhverfinu og hindri ekki náttúrulegan framgang lífríkis á svæðinu.

Leyfi sem gefin eru út í tengslum við framkvæmdina skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun sem kemur fram í vatnaáætlun¹ skv. 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um undanþágu til að bora tvær nýjar niðurdælingarholur, SL-11 og SL-12, innan svæðisins og lagningu lagna frá þeim borholum sem eru fyrir á svæðinu. Umhverfistofnun veitti undanþágu til að bora þrjár nýjar borholur til vatnsöflunar ásamt því að vinna að fullnaðarfrágangi á þremur eldri borholum þann 26. ágúst 2024. Þann 18. desember 2024 var veitt undanþága til borunar á einni borholu. Kort sem sýnir núverandi borholur og fyrirhugaða holur (SL-11 og SL-12) og lagnaleiðir fylgdi með umsókn. Staðsetning holanna

Náttúruverndarstofnun

SL-11 og SL-12 er valin út frá niðurstöðum úr borunum og prófunum á holum SL-03, 04, 06, 08, 09 og að teknu tilliti til þeirra áhrifa sem komu fram við niðurdælingartilraunina í holu SL-07. Það er til að forðast mögulega kælingu í vinnsluholum vegna niðurdælingarinnar eru SL-11 og SL-12 staðsettar sunnan við vinnslusvæðið og utan gervigígasvæðisins. Með holum SL-11, SL-12 og SL-07 er gert ráð fyrir að unnt verði að dæla niður öllu því vatni sem frá Fjallaböðunum kemur þ.e. einnig þegar verið er að tæma baðlónin. Lagnir verða lagðar í og við stíga sem fyrir eru á svæðinu utan byggingarreitsins. Efsta lag jarðvegar verður tekið frá og jarðvegsdúkar notaðir þar sem við á við lagningu lagnana. Fyrirliggjandi slóðar verða nýttir til aðkomu að holunum og akstri utan þeirra haldið í lágmarki. Framkvæmdaraðili gerði áhrifamat vegna framkvæmdarinnar í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og var metið hvort framkvæmdin væri til þess fallin að hafa áhrif á lögbundin umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins. Niðurstaða mats framkvæmdaraðila var sú að framkvæmdin hefði ekki áhrif á umhverfismarkmið um góða magnstöðu né gott efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins Kerlingarfjöll-Hreppar (103-287-G). Að framkvæmdinni kæmu 3-5 starfsmenn. Aðstaða fyrir starfsmenn verður í vinnubúðum sem fyrir eru á svæðinu vegna framkvæmda við Fjallaböðin. Áætlað er að hefja borun um leið og öll leyfi liggja fyrir. Ekki liggur fyrir nánari tímasetning á hvenær grafið yrði fyrir lögnunum.

Umsagnir:

Í samræmi við 13. gr. auglýsingar um friðlýsingu svæðisins í stjórnartíðindum nr. 110/2020 óskaði Náttúruverndarstofnun umsagnar Minjastofnunar Íslands þann 24. janúar 2025 um framkvæmdina. Engin umsögn barst frá stofnuninni.

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd óskaði Náttúruverndarstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar og viðeigandi náttúruverndarnefndar þann 24. janúar 2025 um beiðni um undanþágu frá friðlýsingarskilmálum landslagsverndarsvæðisins Þjórsárdal.

Umsögn Loftslags- og umhverfisnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps barst 2. febrúar 2025. Í umsögn loftslags- og umhverfisnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps kom fram að nefndin gerir ekki athugasemd við breytingu á áður útgefnu framkvæmdaleyfi með því að bæta við niðurdælingarholum SL-11 og SL-12 en leggur áherslu á að ekki sé gengið frekar á svæðið né á jarðhitakerfið og að rask við holur og lagningu lagna verði sem minnst. Með framkvæmdinni er verið að tryggja áhrif á grunnvatnsholt svæðisins og sjálfbærni vatnsbúskapar. Einn nefndarmaður sat hjá við afgreiðslu erindisins og lagði fram eftirfarandi bókun „Ég er uggandi yfir því að veita undanþágu frá friðlýsingarákvæðum til að bora umbeiðnar niðurdælingarholur, SL-11 og SL-12. Það er ekki trúverðugt að í upphafi hafi ekki legið fyrir að þörf væri á þessum borholum og þurfa síðar að biðja um undanþágur frá skilmálum friðlýsingarinnar. Þau gögn sem lögðu eru fram með umsókninni er mat framkvæmdaaðila en ekki óhlutdrægs aðila. Gögnin „telja“ en færa ekki sönnur á.“

Umsögn Náttúrufræðistofnunar barst 3. febrúar 2025. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að veitt sé leyfi fyrir niðurdælingarholunum, en áður en til þess kemur telur stofnunin mikilvægt að gerð sé grein fyrir nýtingarleyfi Umhverfis- og orkustofnunar þar sem fram kemur fjöldi borhola innan

Náttúruverndarstofnun

framkvæmdasvæðis og umfang vatnsnýtingar (l/s) á heitu og köldu vatni, s.s. meðalnýting á ári og hámarksnýting á hverjum tíma. Mikilvægt er að fyrirhuguð vatnsnýting við Rauðukamba og niðurdælingarholur séu í samræmi við útgefið nýtingarleyfi. Náttúrufræðistofnun vill ítreka fyrri ábendingar sínar um að hlífa gervigígum svæðisins fyrir raski og að óheppilegt sé að sífellt þurfi að bæta við borholum umfram það sem áður hefur komið fram t.d. í mati á umhverfisáhrifum. Afar brýnt er að fylgst sé reglulega með jarðhitakerfinu og áhrifum vatnstökunnar á grunnvatnshlot svæðisins.

Náttúruverndarstofnun óskaði umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar vegna áhrifa verkefnisins á vatnshlot þann 24. janúar 2025. Umsögn Umhverfis- og orkustofnunar barst þann 3. febrúar 2025. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að hún hafi ekki athugasemdir við það áhrifamat framkvæmdaraðila sem lagt er fram með umsókninni. Jafnframt bendir stofninin á að framkvæmdaraðili þarf mögulega að sækja um nýtingarleyfi skv. lögum um 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu til Umhverfis- og orkustofnunar.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur verkefni líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar svæðisins á framkvæmdartíma en sé vel staðið að framkvæmdinni ættu ummerki að hverfa nokkuð hratt ef farið er eftir skilyrðum undanþágunnar. Lagnaleiðir munu að mestu fara um raskað svæði eða fylgja vegslóðum og ættu ummerki um þær framkvæmdir að hverfa sé farið að skilyrðum leyfisins og vandað til við frágang.

Pegar eru miklar framkvæmdir í gangi fyrir á svæðinu með tilheyrandi truflunum fyrir gesti svæðisins og er borunin ekki líkleg til að bæta miklu við þau áhrif.

Þó svo að framkvæmdin sé metin til að hafa neikvæð áhrif á framkvæmdartíma stríðir hún að mati Náttúruverndarstofnunar ekki verulega gegn markmiði friðlýsingarinnar og hefur óveruleg áhrif á verndargildi þeirra náttúruvinja sem friðlýsingin beinist að séu skilyrðum þessarar undanþágu fylgt í hvívetna. Eru því uppfyllt skilyrði 1. mgr. 41. gr. fyrir undanþágunni.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að fyrirhugað nýtingarleyfi og leyfi fyrir hreinsun fráveituvatns séu í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og að þar sé gerð krafa um vöktun til að tryggja lögbundin umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins. Náttúruverndarstofnun tekur þó undir orð Náttúrufræðistofnunar og loftslags- og umhverfisnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps um að óheppilegt sé að ítrekað hafi þurft að fjölga borholum, með tilheyrandi hættu á raski, til að tryggja öruggt vatnsflæði.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Rauðukömbum undanþágu frá friðlýsingarskilmálum. Undanþágan nær til jarðrasks í tengslum við borun holu SL-11 og SL-12 sbr. lýsingu hér að ofan og til lagnaskurða og frágangs. Leyfið gildir í ár frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja undanþágunni, áður en undirbúningur og vinna hefst.

Náttúruverndarstofnun

- Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Allt borsvarf skal fjarlæggt af yfirborði að verki loknu, ef eitthvað verður.
- Einungis skal aka þeim tækjum sem nota þarf vegna verkefnisins að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Óheimilt er að keyra utan í gervigígana og taka efni úr þeim.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556 6800.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.
- Ganga skal frá lagnaskurðinum með þeim hætti að sárin blasi ekki við og ekki myndist pyttir eða hólur.
- Vegna frágangs við lagnaskurði skal ganga frá skurðum með því efni sem fellur til við skurðgröftinn til að afmá öll sýnileg áhrif á yfirborði.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu veitt undanþága til jarðrasks innan friðlýsts svæðis í samræmi við ofangreindar upplýsingar. Umsækjandi ber ábyrgð á að afla annarra nauðsynlegra leyfa m.a. leyfi á grundvelli laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, starfsleyfi heilbrigðisnefndar fyrir starfsemi og niðurdælingu vatns í jarðhitageymi, framkvæmdaleyfi sveitarfélags, leyfi forsætisráðuneytis til að framkvæma í þjóðlendu svo eitthvað sé nefnt.

Ef ekki kemur til nýtingar holana gerir Náttúruverndarstofnun það að skilyrði að vel verði gengið frá þeim og lokað verði fyrir þær til að tryggja öryggi fólks á svæðinu.

Leyfi landeigenda og sveitarfélags þarf fyrir verkefninu. Svæðið er innan þjóðlendu og gæti leyfi forsætisráðuneytisins þurft fyrir framkvæmdunum skv. lögum nr. 58/1998.

Leyfi Minjastofnunar þarf fyrir framkvæmdinni.

Sé skilyrðum undanþágu ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað undanþáguna skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Ákvörðunin er kæránleg til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

Náttúruverndarstofnun

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Hákon Ásgeirsson
sviðsstjóri

Daníel Freyr Jónsson
sérfræðingur